

Númer skjals:	FAS-STE-002
Hlöðu-númer:	FAS24010013
Málalykill:	00.01.00 Skipulag og stefnumótun - almennt
Útgáfa:	3.7
Útgáfudags.:	29. janúar 2015
Síðast rýnt:	8. janúar 2024
Ábyrgðarmaður:	Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

FMS-STE-002 Reglur um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg

1. Markmið

- Fjárstýring borgarsjóðs skal byggja á lögum og reglum sem gilda um fjármál sveitarfélaga, s.s. sveitarstjórnarlögum lögum um opinber fjármál, lögum og reglum um útgefendur skráðra skuldabréfa í kauphöllinni og lögum um ársreikninga.
- Fjárstýringin skal taka mið af ábyrgri og styrkri fjármálastjórn.
- Fjárstýringin skal tryggja að Reykjavíkurborg hafi ávallt aðgengi að nægjanlegu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs, þar með talið ábyrgðarskuldbindingar vegna fyrirtækja í eigu borgarinnar. Fjárstýring skal auk þess lágmarka fjármagnskostnað og hámarka ávöxtun lausafjár í samræmi við fjárfestingarheimildir hverju sinni með virkri lána- og lausafjárstýringu.
- Fjárstýringin skal taka mið af samþykktri fjármálastefnu og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar á hverjum tíma auk fimm og tíu ára áætlana varðandi rekstur, sjóðstreymi og fjárfestingar. Meta skal langtímaáhrif fjárhagslega skuldbindandi ákvarðana á rekstur, efnahag og sjóðstreymi áður en til þeirra er stofnað. Við gerð fjárhagsáætlunar skal veltufé frá rekstri standa undir afborgunum langtímaskuldbindinga og nauðsynlegri endurnýjun fastafjármuna.
- Fjárstýringin skal taka mið af lausafjárahættu, markaðsáhættu, mótaðilaáhættu og almennu áhættuþoli borgarsjóðs. Fjárstýring skal byggja á áhættugreindum verkferlum.
- Fjárstýringin skal byggjast á framangreindum markmiðum og frekari árangursmarkmiðum og mælikvörðum sem borgarráð setur.

2. Gildissvið

- Reglur þessar taka til fjárstýringar A-hluta Reykjavíkurborgar.

3. Ábyrgð og verkaskipting

- Borgarstjórn fer með æðstu yfirstjórn á fjármálum borgarinnar, stofnana hennar og fyrirtækja. Borgarstjórn felur borgarráði og borgarstjóra ábyrgð á daglegum rekstri borgarinnar.
- Borgarráð fer með eftirlit með fjárstýringu borgarinnar. Borgarráð staðfestir reglur um fjárstýringu, mælikvarða og árangursmarkmið vegna fjárstýringar sem skulu uppfærð og lögð fram árlega samhliða fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar auk heimildarkvæða sem eru í viðauka 1.
- Borgarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd fjárstýringar og stjórnsýslu henni tengdri.
- Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs hefur yfirumsjón með fjármálastjórnun A-hluta Reykjavíkurborgar í umboði borgarstjóra, þ.m.t. fjárstýringu. Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs skal leggja reglulega fyrir borgarráð skýrslur um framkvæmd fjárstýringar og árangur lána- og lausafjárstýringar á grundvelli árangursmarkmiða og mælikvarða sem borgarráð hefur staðfest.
- Fjármála- og áhættustýringarsvið skal í tengslum við gerð fjárhags- og fjárfestingaráætlana gera nákvæma og tímasetta áætlun um fjárförf Eignasjóðs sem er forsenda virkrar fjárstýringar.

4. Meginreglur

- Gera skal greiðsluáætlanir til 12 mánaða í senn. Stýra skal lausu fé með þeim hætti að alltaf sé fyrir hendi nægt laust fé til að mæta skuldbindingum. Sé fyrirséður skortur á lausu fé skal nýta heimildir til skammtímalántöku en sé umfram fé skal koma því í ávöxtun í samræmi við fjárfestingarheimildir hverju sinni. Óheimilt er að fjármagna rekstrarútgjöld með langtíma lántöku.

4.1. Reglur um lausafjárstýringu

- Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs er heimilt án sérstaks samþykkis borgarráðs, að undangengnu formlegu áhættumati, sbr. viðauka 3, að fjárfesta í innlánsreikningum, peningamarkaðs-innlánum, víxlum, og sértryggðum skuldabréfum viðskiptabankanna eða sambærilegum afurðum þeirra ef lausafjárstaða er rúm, sbr. heimildarákvæði í viðauka 1. Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs er einnig heimilt að fjárfesta í verðbréfum með ríkisábyrgð og skuldabréfum Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Fjárfestingar í hlutabréfum og erlendum verðbréfum eru óheimilar nema að fengnu samþykki borgarráðs.
- Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs er heimilt án sérstaks samþykkis borgarráðs, að undangengnu formlegu áhættumati, sbr. viðauka 3, að taka yfirdráttarlán hjá viðskiptabanka, skammtímalán hjá viðskiptabanka eða gefa út víxla á verðbréfamarkaði til allt að 24 mánaða í senn ef lausafjárstaða er þröng, sbr. heimildarákvæði í viðauka 1.
- Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs er heimilt án sérstaks samþykkis borgarráðs, að undangengnu formlegu áhættumati, sbr. viðauka 3, að fjárfesta grænum fjármunum, sem er nettó söluandvirði grænna skuldabréfa, í innlánsreikningum, peningamarkaðsinnlánum, víxlum og sértryggðum skuldabréfum viðskiptabanka ef lausafjárstaða á viðskiptareikningi grænna fjármuna er rúm, sbr. heimildarákvæði í viðauka 6. Sviðsstjóra er einnig heimilt að fjárfesta í verðbréfum með ríkisábyrgð. Fjárfestingar í skuldabréfum og hlutabréfum fyrirtækja er óheimilar.
- Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs skal kynna borgarráði reglulega allar ákvarðanir í lausafjárstýringu ásamt greinargerð og áhættumati.

4.2. Heimild til útvistunar fjárvörslu verðbréfasafns

- Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs er heimilt án sérstaks samþykkis borgarráðs að útvista fjárvörslu á verðbréfasafni borgarinnar til lengri tíma. Fjárvörsluáðili verðbréfasafnsins skal fara eftir sérstakri fjárfestingarstefnu Reykjavíkurborgar, sbr. fjárfestingarstefnu í viðauka 2, sem skal yfirfarin og endurnýjuð a.m.k. einu sinni á ári og lögð þannig fyrir borgarráð til staðfestingar. Verðbréf í fjárvörslu skulu ávallt vera skráð á kennitölu Reykjavíkurborgar. Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs skal kynna stöðu verðbréfasafns reglulega til borgarráðs.

4.3. Reglur um fjármögnun framkvæmda

- Undirbúningur að fjármögnun stofnframkvæmda er á ábyrgð fjármála- og áhættustýringarsviðs.
- Fjármála- og áhættustýringarsvið skal í tengslum við gerð fjárhags- og fjárfestingaráætlana gera nákvæma og tímasetta áætlun um fjárfestingar Eignasjóðs vegna fjárfestinga, grænna sem og almennra fjárfestinga, sem er forsenda virkrar fjárfestingar.
- Sérstök valnefnd, skipuð í það minnsta þremur fulltrúum frá fjármála- og áhættustýringarsviði, umhverfis- og skipulagssviði og eignaskrifstofu, hefur það hlutverk að gera tillögu til borgarráðs um þau verkefni sem uppfylla þær kröfur sem Græni ramminn gerir og fjármagna má með grænum skuldabréfum. Miðað er við að einungis þær tillögur komi til kasta borgarráðs sem valnefndin samþykkir samhljóða. Við ákvarðanatöku valnefndar ber henni að leita umsagnar fagaðila hjá umhverfis- og skipulagssviði eða ytri fagaðila ef nauðsyn krefur varðandi hvort verkefnið stenst kröfur skv. Græna rammans. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við Grænan ramma Reykjavíkurborgar.
- Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs skal við val á fjármögnunarleiðum miða við stöðu lausafjár, ávöxtun þess og þau kjör sem bjóðast á lánamarkaði og gera borgarráði grein fyrir ofangreindum niðurstöðum þegar tillögur varðandi fjármögnun fjárfestinga eru lagðar fyrir borgarráð til samþykktar.

4.4. Stýring lánskjara

- Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs er heimilt án sérstaks samþykkis borgarráðs að undangengnu formlegu áhættumati, sbr. viðauka 3, að endursemla um kjör lána eða eftir atvikum myntsamsetningu erlendra lána á grundvelli endurskoðunarákvæða þeirra. Þessi heimild nær til þess að segja upp láni skv. ákvæðum lánssamnings og endurfjármagna á hagstæðari hátt. Slík ráðstöfun skal kynnt borgarráði.
- Tillögur sviðsstjóra um nýjar lántökur skulu ásamt greinargerð og áhættumati, sbr. viðauka 3, ávallt lagðar fyrir borgarráð til samþykktar og borgarstjórn eftir atvikum. Sama ferli á við ef lánskjör eru endurskoðuð í lánasamningum sem gera ekki ráð fyrir endurskoðun lánskjara.
- Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs er óheimilt að gera gjaldmiðlaskiptasamninga eða aðra afleiðusamninga nema með sérstakri heimild borgarráðs.

4.5. Ábyrgðarskuldbindingar vegna fyrirtækja í eigu borgarinnar¹

- Óski fyrirtæki eða stofnun eftir því að Reykjavíkurborg takist á hendur einfalda ábyrgð á lánum þess/hennar eða staðfesti skilmálabreytingar á lánum með ábyrgð borgarinnar á grundvelli sveitarstjórnarlaga ber starfsmönnum fjármála- og áhættustýringarsviðs að veita borgarráði umsögn, sbr. viðauka 5.
- Óski Orkuveita Reykjavíkur eftir því að Reykjavíkurborg takist á einfalda hlutfallslega ábyrgð á fjárhaglegum skuldbindingum fyrirtækisins í samræmi við eignarhlut borgarinnar eða staðfesti skilmálabreytingar á skuldbindingum með ábyrgð borgarinnar á grundvelli laga um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 136/2013 ber starfsmönnum fjármála- og áhættustýringarsviðs að veita borgarráð umsögn, sbr. viðauka 5.

4.6. Breyttar forsendur innan rekstrarársins

- Fjárstýring skal taka mið af samþykktri fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar á hverjum tíma auk fimm og tíu ára áætlana varðandi rekstur, sjóðstreymi og fjárfestingar.
- Verði verulegar breytingar á forsendum innan fjárhagsársins skal sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs meta heildaráhrif á rekstrarniðurstöðu borgarinnar á grundvelli formlegs kostnaðar- og áhættumats og kynna borgarstjóra.
- Borgarstjóri leggur fram tillögu í borgarráði um breytingu á fjárhagsáætlun ef þurfa þykir.

4.7. Árangursmiðuð fjármálastjórn

- Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs ber ábyrgð á að leita sem hagkvæmustu leiða við fjárstýringu borgarinnar innan þeirra laga og reglna sem um hana gildir.
- Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs og starfsmenn skrifstofu fjárstýringar og innheimtu skulu fylgjast með tækifærum til umbóta í fjárstýringu borgarinnar og hafa frumkvæði að því að innleiða reglur og vinnulag sem stuðlar að aukinni skilvirkni og betri árangri.
- Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs skal samhliða vinnu við frumvarp að fjárhagsáætlun undirbúa tillögu um árangursmarkmið og árangursmælikvarða fjárstýringar sem skal lögð fyrir borgarráð.

5. Skýrslugjöf

- Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs ber ábyrgð á skýrslugjöf um fjárstýringu A-hluta Reykjavíkurborgar til borgarráðs og borgarstjóra, sbr. viðauka 4.
- Skýrslugerð til borgarráðs skal gefa reglubundna og staðgóða mynd af:
 - Fjármögnun A-hluta
 - Stöðu lána A-hluta, vaxtakjörum
 - Lausafjárstöðu A-hluta, árangri ávöxtunar
 - Árangri fjárstýringar
- Skrifstofa fjárstýringar og innheimtu annast gerð reglulegra fjárstýringarskýrslna, umræðuskjala og minnisblaða sem eru forsenda virkrar fjárstýringar og tímanlegrar ákvarðanatöku sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs.

6. Eftirlit með framkvæmd

- Eftirlit borgarráðs og kjörinna fulltrúa með framkvæmd fjárstýringar byggist á markmiðum fjárstýringar skv. kafla 1, árangursmarkmiðum og mælikvörðum, ofangreindum reglum, virku innra eftirlitskerfi og skýrslugjöf borgarstjóra eða sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs í umboði hans til borgarráðs.

7. Almennar starfs- og siðareglur

- Starfsmenn sem vinna við fjárstýringu Reykjavíkurborgar skulu:
 - Leysa verkefni í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma,
 - Virða trúnað og meðferð viðkvæmra viðskiptaupplýsinga,
 - Komast hjá hagsmunarárekstrum við störf sín og vinna þau af kostgæfni og vandvirkni,
- Vinna í öllum tilvikum að fjárstýringu borgarinnar eftir því sem fram kemur í fjárstýringarreglum þessum og viðaukum. Starfsmenn sem sinna störfum skv. reglum þessum skulu skráðir sem varanlegir innherjar hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Um varanlega innherja gilda lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021, sbr. MAR-reglugerð ESB nr. 596/2014.

¹ FMS-VLR-034 Ábyrgðarskuldbindingar Reykjavíkurborgar fyrir fyrirtæki í eigu borgarinnar

FMS-VLR-035 Ábyrgðarskuldbindingar Reykjavíkurborgar vegna Orkuveitu Reykjavíkur á grundvelli laga nr. 136/2013

8. Verklagsreglur og viðaukar

- Á grundvelli þessara reglna setur sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs verklagsreglur og leiðbeiningar.
- Reglum þessum fylgja eftirfarandi viðaukar og skulu þeir endurskoðaðir árlega og lagðir fyrir borgarráð:
 - Viðauki 1: Heimildarákvæði
 - Viðauki 2: Fjárfestingarstefna verðbréfasafns
 - Viðauki 3: Áhættumat
 - Viðauki 4: Skýrslugjöf
 - Viðauki 5: Ábyrgðarskuldbindingar vegna fyrirtækja í eigu borgarinnar
 - Viðauki 6: Heimildarákvæði tengt grænum fjármunum borgarsjóðs

Samþykkt í borgarráði 11. janúar 2024

Viðauki 1 - Heimildarákvæði:

Heimildir til fjárfestingar þegar lausafjárstaða er rúm

Sé lausafjárstaða rúm skal koma fjármunum í ávöxtun í samræmi við fjárfestingarheimildir hverju sinni. Heimildir til fjárfestingar takmarkast við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 en þar segir í 1. mál. 65. gr. laganna:

„Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnanna eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf.“

Fjármálastofnanir eru fjármálafyrirtæki sem Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með skv. lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Viðskiptabankar eru lánastofnanir sem lúta eftirliti fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélög verðbréfasjóða eru eignastýringarfyrirtæki sem reka verðbréfasjóði og lúta eftirliti fjármálaeftirlitsins.

- Innlán sveitarfélaga á innlánsreikningum fjármálastofnana er almenn krafa fari fjármálastofnun í þrot. Það á einnig við peningamarkaðsinnlán og víxla útgefnum af þeim og því nær heimildin einnig til þeirra.
- Sértryggð skuldabréf, verðtryggð og óverðtryggð, gefin út af viðskiptaböndkunum, eru varin með fullri ábyrgð útgefanda auk veðs í sértöku undirliggjandi tryggingarsafni, sem inniheldur fasteignaveðlán, sem kaupandinn á forgangskröfu á.
- Skuldabréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem gefin eru út til þess að fjármagna útlán til sveitarfélaga sem eru veitt með skilyrði um veð í tekjum sveitarfélaga.
- Ríkistryggð verðbréf eru öll þau verðbréf sem gefin eru út af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins.
- Lausafjár sjóðir eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Fjárfesting í lausafjár sjóði skal ekki nema hærra hlutfalli en 5% af heildar eignum sjóðsins. Eignasafn lausafjár sjóða sem fjárfest er í skal vera í samræmi við fjárfestingarkosti hér í töflunni að neðan.
 - Útgáfur sveitarfélaga eru með ábyrgð sveitarfélaga. Um fjármál sveitarfélaga gilda sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og tengdar reglugerðir. Heimilt er að fjárfesta óbeint í útgáfum sveitarfélaga í gegnum lausafjár sjóði.

Fjárfestingarkostir	Binding	Komi til þrots
Innlán - viðskiptareikningur	Alltaf laus	Almenn krafa í þrotabú
Innlán - bundinn reikningur	30 dagar	Almenn krafa í þrotabú
Peningamarkaðsinnlán	1-365 dagar	Almenn krafa í þrotabú
Bankavíxlar viðskiptabanka	1-180 dagar	Almenn krafa í þrotabú
Ríkisvíxlar	1-180 dagar	Bein ríkisábyrgð
Sértryggð skuldabréf - verðtryggð	2-17 ár	Sértæk trygging (+alm.krafa)
Sértryggð skuldabréf - óverðtryggð	1,5-6 ár	Sértæk trygging (+alm.krafa)
Íbúðabréf	5-27 ár	Einföld ríkisábyrgð
Ríkisskuldabréf - verðtryggð	13 ár	Bein ríkisábyrgð
Ríkisskuldabréf - óverðtryggð	1-14 ár	Bein ríkisábyrgð
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	1-35 ár	Ábyrgð sveitarfélaga
Lausafjár sjóðir	1 dagur (T+1)	Í samr. við undirliggjandi eignir
Útgáfur sveitarfélaga (í gegnum Lausafjár sjóði)	1-395 dagar	Ábyrgð sveitarfélaga

- Ekki má binda fjármagn nema greiðsluáætlanir sýni að það sé rými til þess. Stýra skal lausu fé með þeim hætti að alltaf sé fyrir hendi nægt laust fé til að mæta skuldbindingum.

Heimildir til skammtíma lántöku þegar lausafjárstaða er þröng

- Sé fyrrséður skortur á lausu fé skal nýta heimildir til skammtímalántöku. Óheimilt er að fjármagna rekstrarútgjöld með langtíma lántöku.
- Heimildir til skammtímalántöku nær til að taka yfirdráttarlán hjá viðskiptabanka, skammtímalán hjá fjármálastofnun eða gefa út víxla á verðbréfamarkaði til allt að 24 mánaða í senn. Heildarfjárhæð skammtímalána skal aldrei vera umfram 16.000 m.kr. á hverju 24 mánaða tímabili.

Markmið í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 tengd greiðsluhæfi A-hluta

Öflugt greiðsluhæfi A-hluta er eitt af markmiðum Reykjavíkurborgar til að tryggja að borgin geti ávallt rækt samfélagslegt og lögbóðið hlutverk sitt gagnvart íbúum Reykjavíkur og staðið við samninga sem gerðir hafa verið. Til að tryggja öflugt greiðsluhæfi A-hluta skal haga ákvörðunum um fjárfestingar, lántökur, skuldbindingar, ábyrgðir og fjárstýringu þannig að A-hluti geti ávallt staðið við væntar greiðsluskuldbindingar, þar með talið vegna ábyrgðar á skuldbindingum B-hluta fyrirtækja. Skylt er sveitarstjórn að gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf, sbr. 65. gr.

laga nr. 138/2011. Ofangreind lagaákvæði ramma af markmið fjárstýringar borgarsjóðs um ábyrga meðferð fjármuna borgarsjóðs en setja samtímis áhættusækni í lausafjárstýringu skýr mörk og þar með markmiðum um ávöxtun lausafjár.

Æskilegt er að vinna að eftirfarandi á árinu 2024:

- innleiða nýtt skipulag fjármála- og áhættustýringarsviðs og nýta stafrænar lausnir í auknum mæli til að einfalda verklag og bæta áhættustýringu og skýrslugjöf. Líkt og áður er gert ráð fyrir að handbært fé skuli á hverjum tíma fjárfesta í innlánunum, fjármálagerningum viðskiptabankanna, lausafjárjóðum, ríkistryggðum verðbréfum, skuldabréfum Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og sértryggðum bankabréfum og skal miða eignasafn við auðinnleysanlega eign. Markmið ávöxtunar á handbæru fé á árinu 2023 kemur fram í fjárhagsáætlun ársins undir áætlun á fjármagnstekjum ársins og eru 788 m.kr.,
- að efla tengsl á lánamarkaði og tryggja aðgang að lánsfé,
- að kanna með upptöku fjárstýringarkerfis og/eða endurnýjun skuldabréfakerfis eða gagnagrunns,
- að efla upplýsingagjöf með uppsetningu mælikvarða/mælaborðs.

Viðauki 2 – Fjárfestingarstefna verðbréfasafna:**Fjárfestingarstefna verðbréfasafna****Heiti safna: Veltusafn og – Grænt safn****Samningur**

Reykjavíkurborg (hér eftir nefnd RVK), kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík og ÍV sjóðir hf. (hér eftir nefnd ÍV), kt. 491001-2080, Hvannarvöllum 14, 600 Akureyri, gera með sér svofelldan samning um fjárfestingarstefnu fyrir verðbréfasöfn RVK. Eignir RVK skulu vera skráðar á kennitölu RVK. Samningur þessi er undirsamningur samnings um ávöxtun og vörslu eigna sem í gildi er á milli RVK og ÍV.

Samningur þessi nær yfir tvö aðgreind verðbréfasöfn í stýringu ÍV, annars vegar veltusafn og hins vegar grænt safn og skal fjárfesting vera í samræmi við lög og reglur sem gilda um fjárfestingar sveitarfélaga.

I. Fjárfestingarstefna veltusafns

Markmið fjárfestingarstefnu er að ávaxta eignir RVK. Í því felst að ná hámarksárangri með því að nýta tækifæri sem skapast á skuldabréfamarkaði á hverjum tíma hvort sem þau eru til lengri eða skemmri tíma. Við eignastýringu eru fjárfestingarkostir metnir með tilliti til áhættu og arðsemi.

Við stýringuna skal taka mið af almennum horfum í efnahagsmálum, ríkisfjármálum og peningamálum og væntum áhrifum þeirra á vaxtaþróun til skemmri og lengri tíma. Heimilt er að fjárfesta í erlendum ríkisskuldabréfum með jafnt eða hærra láns hæfismat og íslenska ríkið.

Við val á fjárfestingarkostum skal horft á stærstu og veltumestu skuldabréfaflokkana til að tryggja seljanleika og auðvelda breytingu á samsetningu safnsins með litlum fyrirvara og tilkostnaði.

Fjárfestingarstefna veltusafns - skipting milli megin flokka verðbréfa:

Markflokkar ríkisbréfa – verðtryggð og óverðtryggð	0-100%
Ríkisvixlar	0-100%
Íbúðabréf	0-5%
Sértryggð skuldabréf viðskiptabanka – með viðskiptavakt	0-40%
Skuldabréf Lánasjóðs sveitarfélaga – með viðskiptavakt	0-20%
Bankavixlar viðskiptabanka	0-20%
ÍV skt.sjóður (hám. 5% af hlutdeildarskírteinum)	0-20%
Laust fé á innlánsreikningum fjármálastofnana	0-20%

Laust fé má vera umfram 20% af safninu með sérstöku samþykki sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Senda skal yfirlit yfir ávöxtun mánaðarlega. Stefnt skal að því að funda með RVK a.m.k. tvisvar á ári. Markmið safnsins er að ná betri árangri (að teknu tilliti til kostnaðar) en viðmiðunarvísitala með virkri stjórnun safnsins.

Viðmiðunarvísitala safnsins er:	Skuldabréfavísitala ÍV	60%
	KVIKA cb	25%
	OMXI 1YNI	15%

II. Fjárfestingarstefna græns safns

Safnið sem þessi samningur tekur til er grænt safn. Í því felst að fjármunirnir eru afrakstur sölu grænna skuldabréfa hjá Reykjavíkurborg og eru í ávöxtun þar til að þeir verða nýttir til að fjármagna fjárfestingar sem falla undir grænan ramma Reykjavíkurborgar.

Heimildir til fjárfestinga í grænu safni takmarkast við fjárfestingar í víxlum og sértryggðum skuldabréfum viðskiptabanka og í verðbréfum með ríkisábyrgð. Fjárfestingar skulu vera til skamms tíma og/eða vera með tiltölulega góðan seljanleika. Hámarkslíftími safnsins má aldrei fara umfram 3 ár.

Við stýringuna skal taka mið af almennum horfum í efnahagsmálum, ríkisfjármálum og peningamálum og væntum áhrifum þeirra á vaxtaþróun til skemmri og lengri tíma. Ekki skal fjárfest í skuldabréfum í erlendum gjaldmiðlum.

Fjárfestingarstefna græns safns - skipting milli megin flokka verðbréfa:

Markflokkar ríkisbréfa – verðtryggð og óverðtryggð	20-100%
Ríkisvixlar	0-100%
Sértryggð skuldabréf viðskiptabanka – með viðskiptavakt	0-70%
Bankavixlar viðskiptabanka	0-30%
Laust fé	0-10%

Senda skal yfirlit yfir ávöxtun mánaðarlega. Stefnt skal að því að funda með RVK a.m.k. tvisvar á ári. Markmið safnsins er að ná betri árangri (að teknu tilliti til kostnaðar) en viðmiðunarvísitala með virkri stjórnun safnsins.

Viðmiðunarvísitala safnsins er:	Skuldabréfavísitala ÍV	35%
	KVIKA cb	35%
	OMXI 1YNI	30%

Ákvarðanir um einstakar fjárfestingar skulu teknar af fjárfestingarteymi ÍV sem sér um skuldabréfasöfn. Lögð er áhersla á að hér er um hópvinna að ræða.

Reykjavík, 11. janúar 2024

F.h. Reykjavíkurborgar

Fh. Íslenskra verðbréfa hf.

Vottar að fjárræði, réttir undirskrift og dagsetningu:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Viðauki 3 - Áhættumat:

Lausafjárstýring

- Áhættumat lausafjárstýringar er mat á þeirri auknu áhættu sem A-hluti tekur þegar fjárfest er í innlánsformum sem heimilt er skv. grein 4.1. í reglum um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg eða þegar skammtímalán er tekið skv. heimild í sömu grein.
- Fara verður ítarlega yfir þá kosti sem eru í boði og hvernig þeir samræmast lausafjáráætlun borgarsjóðs á sama tíma og heimild er nýtt.
- Þegar litið er til kosta í lausafjárstýringu verður að meta þá út frá ýmsum þáttum s.s.:
 - Vaxta- og verðtryggingaráhættu sem fólgin er í nýjum lausafjarkostum.
 - Lausafjáraáhættu m.t.t. greiðsluáætlunar til þess tíma sem heimild er nýtt.
 - Mótaðilaáhættu.
- Meta á áhrif aðgerða í lausafjárstýringu á áhættu Reykjavíkurborgar í heild með því að áætla breytingar á helstu áhættumælikvörðum og bera saman við áhættumörk.

Lánastýring

- Áhættumat lánsfjármögnunar eða endurfjármögnunar er mat á þeirri auknu áhættu sem A-hluti tekur þegar lánsfjármögnun eða endurfjármögnun á sér stað.
- Bera verður saman nýja fjármögnun og þá sem til staðar er auk þess sem meta verður nýja fjármögnun í samhengi við allar skuldir og skuldbindingar A-hluta.
- Við mat á nýjum lántökum eða endurfjármögnun skal bera saman ólíka valkosti að teknu tilliti til:
 - Vaxta- og verðtryggingaráhættu sem fólgin er í nýrri fjármögnun m.t.t. tekjustreymis af því sem verið er að fjármagna og möguleika til að verjast þeirri áhættu.
 - Lengd fjármögnunar og líftíma þess sem verið er að fjármagna og vaxtaálagsáhættu vegna mismunar þar á milli ef fjármögnun er ekki tryggð út líftíma.
 - Myntsamsetning með hliðsjón af tekjustreymi og endursöluverði þess sem verið er að fjármagna ásamt jafnvægi í eignum og skuldbindingum A-hluta.
- Meta á áhrif nýrrar fjármögnunar á áhættu Reykjavíkurborgar í heild með því að áætla breytingar á helstu áhættumælikvörðum og bera saman við áhættumörk.

Viðauki 4 - Skýrslugjöf:

Skýrslugjöf sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs til borgarstjóra og borgarráðs

- Greinargerð í ársuppgjöri, árshlutauppgjöri og mánaðaruppgjörum um fjármagnsliði, stöðu lána og lausafjár og árangur fjárstýringar m.t.t. árangursmarkmiða borgarinnar á sviði fjárstýringar.
- Greinargerð við framlagningu fjárhagsáætlunar um fjármagnsliði, lausafjárstýringu, fjármögnun framkvæmda, skuldir og áætlaða þróun þeirra. Lögð verði fram árangursmarkmið borgarinnar á sviði fjárstýringar og árangursmælikvarðar.

Skýrslugjöf fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu til sviðsstjóra og faghóps

- Daglega skal uppfæra greiðsluáætlanir sem ná til 12 mánaða í senn.
- Fjárstýringarskýrsla þar sem áætlun og rauntölur eru bornar saman fyrir hvern mánuð ársins, skipt niður á málaflokka.
- Mánaðarskýrsla þar sem m.a. er farið yfir neðangreint:
 - helstu frávik í greiðsluáætlun
 - stöðu á handbæru fé og stöðu lána
 - næmnigreiningu á fjármagnslið rekstrarreiknings A-hluta borgarinnar m.v. vexti, verðbólgu og gengi
 - skuldabréfaútgáfu Reykjavíkurborgar og viðskipti á eftirmarkaði með skuldabréf borgarinnar
 - þróun á ávöxtunarkröfum
 - verðbólgu og spá um þróun verðbólgu
 - gengi og spá um gengisþróun
 - stöðu innheimtumála
 - verðbréfasafn borgarinnar, stærð, samsetning og ávöxtun
- Minnisblöð, tillögur og umræðuskjöl til sviðsstjóra er varðar einstök málefni fjárstýringar.

Viðauki 5 – Ábyrgðarskuldbindingar vegna fyrirtækja í eigu borgarinnar

FMS-VLR-034 Ábyrgðarskuldbindingar Reykjavíkurborgar fyrir fyrirtæki í eigu borgarinnar

Tilgangur og gildissvið

Verklagsregla þessi gildir í þeim tilvikum sem fyrirtæki eða stofnun, sem er að hluta til eða að öllu leyti í eigu Reykjavíkurborgar, óskar eftir því að Reykjavíkurborg gangist í einfalda ábyrgð á lánum þess/hennar á grundvelli 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Jafnframt gildir verklagsreglan í þeim tilvikum sem fyrirtæki eða stofnun óskar eftir staðfestingu Reykjavíkurborgar á skilmálabreytingum á lánum sem njóta ábyrgðar Reykjavíkurborgar. Tilgangur verklagsreglunnar er að tryggja að ákvörðun um að gangast í ábyrgð eða samþykki á breytingum á skilmálum lána sem þegar njóta ábyrgðar byggji á nauðsynlegum upplýsingum og faglegu mati starfsmanna fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Ábyrgð

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs ber ábyrgð á að verklagsreglunum sé framfylgt. Skrifstofustjóri skrifstofu fjárstýringar og innheimtu ber ábyrgð á samningu verklagsreglu þessarar.

Framkvæmd og ábyrgð

I. Beiðni um að Reykjavíkurborg takist á hendur nýjar ábyrgðarskuldbindingar

Óski fyrirtæki eða stofnun eftir því að Reykjavíkurborg takist á hendur einfalda ábyrgð á lánum þess/hennar á grundvelli ákvæða 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 ber starfsmönnum fjármála- og áhættustýringarsviðs að veita borgarráði umsögn. Í umsögninni skulu eftirfarandi atriði koma fram:

- Er Reykjavíkurborg heimilt að gangast í ábyrgð með tilliti til ákvæða laga nr. 138/2011. Í því samhengi er nauðsynlegt að skoða hvort fyrirtækið/stofnunin sinni verkefnum sem teljast til lögakveðinna verkefna Reykjavíkurborgar.
- Hver er fjárhæð ábyrgðarskuldbindingar Reykjavíkurborgar að teknu tilliti til eignarhlutar ef fyrirtæki eða stofnun er í eigu fleiri aðila.
- Upplýsingar um lánakjör og lánaskilmála, t.a.m. upplýsingar um vexti og vaxtakjör, álag á vexti, lánstíma, fjölda afborgana og fjárhæðir, ákvæði um verðtryggingu eða annars konar tryggingu höfuðstóls og önnur atriði sem hafa áhrif á lánakjör, s.s. endurskoðunarákvæði o.p.h.
- Upplýsingar um gjaldfellingarákvæði eða aðra áhættuþætti sem finna má í skilmálum fyrirbyggjandi fjárskuldbindingar.
- Telji starfsmenn fjármála- og áhættustýringarsviðs að einhver tilvik gefi tilefni til þess að skilyrða samþykki Reykjavíkurborgar á að gangast í ábyrgð fyrir láni skal athygli borgarráðs vakin á því. Jafnframt skal gera tillögu að mögulegum skilyrðum fyrir veitingu ábyrgðar og eins ítarlega útfærslu á þeim eins og kostur er. .

II. Beiðni um staðfestingu Reykjavíkurborgar á skilmálabreytingum á lánum sem þegar njóta ábyrgðar Reykjavíkurborgar

Óski fyrirtæki eða stofnun eftir því að Reykjavíkurborg staðfesti skilmálabreytingar á lánum sem þegar njóta ábyrgðar Reykjavíkurborgar skulu starfsmenn fjármála- og áhættustýringarsviðs veita borgarráði umsögn um beiðnina. Í umsögninni skulu eftirfarandi atriði koma fram eftir því sem við á hverju sinni:

- Upplýsingar um hvenær stofnað var til ábyrgðarinnar með tilliti til lagaskila sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 eða eldri laga ef við á.
- Upplýsingar um upphaflega fjárhæð ábyrgðar og fjárhæð hennar eftir skilmálabreytingu.
- Upplýsingar um breytingar á lánakjörum og lánaskilmálum, t.a.m. vöxtum og vaxtakjörum, álagi á vexti, lánstíma, fjölda afborgana og fjárhæða, ákvæði um verðtryggingu eða annars konar tryggingu höfuðstóls og önnur atriði sem hafa áhrif á lánakjör, s.s. endurskoðunarákvæði o.p.h.

- d) Upplýsingar um breytingar á gjaldfellingarákvæðum og öðrum áhættuþáttum sem finna má í skilmálum fjárskuldbindingar.
- e) Upplýsingar um tilgang skilmálabreytingar og mat starfsmanna fjármála- og áhættustýringarsviðs á því hvort fyrirhuguð skilmálabreyting sé líkleg til þess að ná tilætluðum árangri.
- f) Meti starfsmenn fjármála- og áhættustýringarsviðs það sem svo að fyrirhugaðar skilmálabreytingar, að teknu tilliti til fjárhaglegar stöðu fyrirtækis eða stofnunar hverju sinni, auki líkur á því að reyna muni á ábyrgð borgarinnar skal vekja sérstaka athygli á því til borgarráðs. Dæmi um slíkt væri skilmálabreyting sem fæli í sér aukna greiðslubyrði á tímabili sem þegar er tvísýnt að fyrirtæki eða stofnun geti staðið undir núverandi skuldbindingum.
- g) Telji starfsmenn fjármála- og áhættustýringarsviðs að einhver tilvik gefi tilefni til þess að skilyrða samþykki Reykjavíkurborgar á fyrirhugaðri skilmálabreytingu skal athygli borgarráðs vakin á því. Jafnframt skal gera tillögu að mögulegum skilyrðum fyrir veitingu ábyrgðar og eins ítarlega útfærslu á þeim eins og kostur er.

FMS-VLR-035 Ábyrgðarskuldbindingar Reykjavíkurborgar vegna Orkuveitu Reykjavíkur á grundvelli laga nr. 136/2013

Tilgangur og gildissvið

Verklagsregla þessi gildir í þeim tilvikum sem Orkuveita Reykjavíkur (hér eftir OR) óskar eftir því að Reykjavíkurborg, sem einn af eigendum OR, gangist í ábyrgð fyrir fjárhagslegum skuldbindingum þess á grundvelli 2. ml. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 136/2013. Jafnframt gildir verklagsreglan í þeim tilvikum sem OR óskar eftir staðfestingu Reykjavíkurborgar á skilmálabreytingum á fjárhagslegum skuldbindingum sem þegar njóta ábyrgðar borgarsjóðs. Tilgangur verklagsreglunnar er að tryggja að ákvörðun um að gangast í ábyrgð eða samþykki á breytingum á skilmálum fjárhagslegra skuldbindinga sem þegar njóta ábyrgðar byggji á nauðsynlegum upplýsingum og faglegu mati starfsmanna fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Ábyrgð

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs ber ábyrgð á að verklagsreglunum sé framfylgt.

Skrifstofustjóri skrifstofu fjárstýringar og innheimtu ber ábyrgð á samningu verklagsreglu þessarar.

Framkvæmd og ábyrgð

I. Beiðni um að Reykjavíkurborg takist á hendur nýjar ábyrgðarskuldbindingar

Óski OR eftir því að Reykjavíkurborg takist á hendur einfalda hlutfallslega ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum fyrirtækisins í samræmi við eignarhlut borgarinnar á grundvelli 2. ml. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 136/2013 ber starfsmönnum fjármála- og áhættustýringarsviðs að veita borgarráði umsögn. Í umsögninni skulu eftirfarandi atriði koma fram:

- f) Í hverju fælist ábyrgð Reykjavíkurborgar ef gengist er í hana.
- g) Er Reykjavíkurborg heimilt að gangast í ábyrgð með tilliti til ákvæða laga nr. 136/2013 og nr. 138/2011.
- h) Hvert er skilgreint verkefni og fjárþörf verkefnisins.
- i) Hver er fjárhæð ábyrgðarskuldbindingar Reykjavíkurborgar að teknu tilliti til eignarhlutar og þeirra takmarkana sem lög nr. 136/2013 setja, t.d. að eigendur megi sameiginlega einungis ábyrgjast að hámarki 80% af fjárþörf tiltekins verkefnis.
- j) Upplýsingar um lánakjör og lánaskilmála, t.a.m. upplýsingar um vexti og vaxtakjör, álag á vexti, lánstíma, fjölda afborgana og fjárhæðir, ákvæði um verðtryggingu eða annars konar tryggingu höfuðstóls og önnur atriði sem hafa áhrif á lánakjör, s.s. endurskoðunarákvæði o.þ.h.
- k) Upplýsingar um gjaldfellingarákvæði eða aðra áhættuþætti sem finna má í skilmálum fyrirliggjandi fjárskuldbindingar.

II. Beiðni um staðfestingu Reykjavíkurborgar á skilmálabreytingum á fjárhagslegum skuldbindingum sem þegar njóta ábyrgðar Reykjavíkurborgar

Óski OR eftir því að Reykjavíkurborg staðfesti skilmálabreytingar á fjárhagslegum skuldbindingum sem þegar njóta ábyrgðar Reykjavíkurborgar skulu starfsmenn fjármála- og áhættustýringarsviðs veita borgarráði umsögn um beiðnina. Í umsögninni skulu eftirfarandi atriði koma fram eftir því sem við á hverju sinni:

-
- h) Í hverju felst ábyrgð Reykjavíkurborgar.
 - i) Upplýsingar um hvenær stofnað var til ábyrgðarinnar með tilliti til þeirra takmarkana sem gerðar voru með breytingarlögum nr. 144/2010 og nr. 175/2011 (um breytingu á lögum nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum) sem og lögum nr. 136/2013.
 - j) Upplýsingar um upphaflega fjárhæð ábyrgðar og fjárhæð hennar eftir skilmálabreytingu.
 - k) Upplýsingar um breytingar á lánakjörum og lánaskilmálum, t.a.m. vöxtum og vaxtakjörum, álagi á vexti, lánstíma, fjölda afborgana og fjárhæða, ákvæði um verðtryggingu eða annars konar tryggingu höfuðstóls og önnur atriði sem hafa áhrif á lánakjör, s.s. endurskoðunarákvæði o.þ.h.
 - l) Upplýsingar um breytingar á gjaldfellingarákvæðum og öðrum áhættupáttum sem finna má í skilmálum fjárskuldbindingar.
 - m) Upplýsingar um tilgang skilmálabreytingar og mat starfsmanna fjármála- og áhættustýringarsviðs á því hvort fyrirhuguð skilmálabreyting sé líkleg til þess að ná tilætluðum árangri.
 - n) Meti starfsmenn fjármála- og áhættustýringarsviðs það sem svo að fyrirhugaðar skilmálabreytingar, að teknu tilliti til fjárhaglegrar stöðu OR hverju sinni, auki líkur á því að reyna muni á ábyrgð borgarinnar skal vekja sérstaka athygli á því til borgarráðs. Dæmi um slíkt væri skilmálabreyting sem fæli í sér aukna greiðslubyrði á tímabili sem þegar er tvísýnt að OR geti staðið undir núverandi skuldbindingum.

Viðauki 6 – Heimildarákvæði tengt grænum fjármunum borgarsjóðs:

Reykjavíkurborg gefur út græn skuldabréf til að fjármagna græn fjárfestingarverkefni Reykjavíkurborgar í samræmi við Grænan ramma Reykjavíkurborgar (Green Financing Framework). Einungis má fjármagna með grænum skuldabréfum borgarinnar þau verkefni sem uppfylla strangar kröfur Græna rammans.

Græna fjármuni skal varðveita á sérstökum viðskiptareikningi eða fjárfesta samkvæmt þessu heimildarákvæði fari þeir ekki strax til fjármögnunar á grænu verkefni.

Heimildir til fjárfestingar þegar innlán vegna grænna fjármuna eru fyrir séð til einhvers tíma:

Sé lausafjárstaða rúm á viðskiptareikningi grænna fjármuna skal koma fjármunum í ávöxtun í samræmi við fjárfestingarheimildir hverju sinni. Heimildir til fjárfestingar takmarkast við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 en þar segir í 1. másl. 65. gr. laganna:

„Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnanna eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf.“

Fjármálastofnanir eru fjármálafyrirtæki sem Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með skv. lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Viðskiptabankar eru lánastofnanir sem lúta eftirliti fjármálaeftirlitsins.

Heimilt er að fjárfesta græna fjármuni í almennum innlánnum, peningamarkaðsinnlánnum, víxlum og sértrygðum skuldabréfum viðskiptabankanna. Einnig má fjárfesta í verðbréfum með ríkisábyrgð.

- Innlán sveitarfélaga á innlánsreikningum fjármálastofnana er almenn krafa fari fjármálastofnun í þrot. Það á einnig við peningamarkaðsinnlán og víxla útgefnum af þeim og því nær heimildin einnig til þeirra.
 - Sértryggð skuldabréf, verðtryggð og óverðtryggð, gefin út af viðskiptabönkunum, eru varin með fullri ábyrgð útgefanda auk veðs í sérstöku undirliggjandi tryggingarsafni, sem inniheldur fasteignaveðlán, sem kaupandinn á forgangskröfu á.
 - Ríkistryggð verðbréf eru öll þau verðbréf sem gefin eru út af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins.
- Ekki má fjárfesta í skuldabréfum eða hlutabréfum fyrirtækja.
 - Ekki má binda grænt fjármagn nema greiðsluáætlanir sýni að það sé rými til þess. Stýra skal lausu grænu fé með þeim hætti að alltaf sé fyrir hendi nægt laust fé til að mæta grænum skuldbindingum.
 - Ráðstöfun grænna fjármuna skal gerð sérstaklega upp og endurskoðuð af ytri endurskoðendum borgarinnar samtímis framlagningu ársreiknings borgarinnar.